

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 136/167*  
*komudagur 19.11.2008*

Nefndarsvið Alþingis

Hafnarfjörður 18. nóvember 2008.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.**

Undirritaðar vilja fyrir hönd Félagsráðgjafafélags Íslands koma eftirfarandi á framfæri varðandi frumvarp að breytingum á lögum um Íbúðarlánasjóð sem nú er til umfjöllunar á Alþingi.

Það er mat undirritaðra að það sé jákvætt að Íbúðarlánasjóði verði veitt heimild til að leigja húsnæði sem hann hefur tekið til sín á nauðungaruppboði. Það er mikilvægt að leigjendur húsnæðis geti haldið áfram að búa í því, þótt leigusali hafi misst húsnæði sitt. Einnig er það jákvætt að þeim sem misst hafa húsnæði sitt verði tryggt öruggt húsnæði. Þannig verði á þessum erfiðu tímum allt gert til að fjölskyldur búi við eins mikið öryggi og mögulegt er og fólk lendi ekki á vergangi.

Aftur á móti er það mat undirritaðra að orðalag sé óljóst þegar fjallað er um hversu lengi leigjendur Íbúðarlánasjóðs geti verið í húsnæði hans. Mikilvægt er að það sé skýrt hversu langur leigutíminn geti að lágmarki verið og einnig hver hámarkstími getur verið ef þak á að vera á tímalengdinni. Mikilvægt er að endurskoðunarákvæði séu varðandi leiguna og að hagur leigjanda sé tryggður á þann hátt að um leigu til lengri tíma geti verið að ræða

Mikilvægt er að leiguupphæðir séu í samræmi við greiðslugetu leigjanda og að leiguhúsnæði sjóðsins standi undir sér, en að ekki ráði "gróðasjónarmið" ferðinni. Ljóst er að margir þeirra sem munu leigja húsnæði á vegum sjóðsins verða illa staddir fjárhagslega, eru jafnvel gjaldþrota. Þessir einstaklingar munu eiga erfitt með að fá fyrirgreiðslu í bönkum og þar verður mikilvægt að tryggja hagsmuni fjölskyldna sem eiga við slíka erfiðleika að etja. Hafa ber í huga vandi margra leysist ekki á skömmum tíma heldur er einstaklingar í þessari stöðu mörg ár allt að 10 ár að vinna sig út úr þeim fjárhagslegu erfiðleikum sem þeir standa frammi fyrir.

Hvað varðar lengingu á skuldbreytingarlánum til allt að 30 ára og að það verði hægt að lengja upphaflegan lánstíma um allt að 30 ár eins og fram kemur í frumvarpinu er jákvæð viðleitni til að koma til móts við fólk í greiðsluvanda og veita hjálp til sjálfshjálpar. Mikilvægt er að fólk geti haldið húsnæði sínu sem það hefur lagt ómælda vinnu og tíma í að eignast og það fái haldið reisu í erfiðum aðstæðum um leið og það tryggir sér og fjölskyldum sínum öryggi og skjól til framtíðar.

Virðingarfyllt  
f.h. Félagssráðgjafafélags Íslands

Kolbrún Ögmundsdóttir  
félagssráðgjafi

Guðrún Hrefna Sverrisdóttir  
félagssráðgjafi